

# ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

Október 2008 10. TBL. 16.ÁRG.

## Áfram dregur úr ánægju með störf flestra ráðherra - Jóhanna í sérflokki

Gallup kannaði í þriðja sinn á kjörtímabilinu ánægju með störf ráðherra ríkisstjórnar Geirs H. Haarde. Nokkuð hefur dregið úr ánægju með störf flestra ráðherra ríkisstjórnarinnar en nokkir standa þó í stað frá síðustu mælingu. Heilt á litlið ríkir nokkru meiri ánægja með störf ráðherra Samfylkingarinnar en Sjálfstæðisflokksins og töluvert dregur úr ánægju með störf formanna stjórnarflokka beggja.


## Ráðherrar Samfylkingarinnar

Líkt og áður ríkir lang mest ánægja með störf Jóhannu Sigurðardóttur, félags- og tryggingamálaráðherra. Tæplega 61% landsmanna segjast nú ánægð með störf Jóhannu samanborið við 60% í apríl. Ánægja með störf Jóhannu er líðlega 26 prósentustigum meiri en Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, sem kemur næst Jóhannu. Af ráðherrum Samfylkingarinnar eru landsmenn næst ánægðastir með störf Björgvins G. Sigurðssonar, viðskiptaráðherra. Ánægja með störf Björgvins lækkar þó um 13 prósentustig frá því í apríl og fer úr 39,7% í 26,7%. Um 20% svarenda segjast ánægð með störf Kristjáns L. Möller, samgönguráðherra, sem er nánast óbreytt frá því í apríl á þessu ári. Álika margir segjast ánægðir með störf Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, utanríkisráðherra og formanns Samfylkingarinnar. Ánægja með störf Ingibjargar minnkar hins vegar um rúm 10 prósentustig þar sem hún fer úr 30,1% í 20%. Af ráðherrum Samfylkingarinnar reka Þórunn Sveinbjarnardóttir, umhverfisráðherra, og Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra, lestina líkt og síðast. Ánægja með störf Þórunnar minnkar um rúm 20 prósentustig, fer úr 20,5% í 19,4%, og ánægja með störf Össurar fer úr 18,9% frá því í apríl í 16,6% nú.


## Ráðherrar Sjálfstæðisflokksins

Af ráðherrum Sjálfstæðisflokksins ríkir mest ánægja með störf Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, menntamálaráðherra, líkt og í apríl. Áfram dregur þó mikið úr ánægju með störf Þorgerðar þar sem 46,1% sögðust ánægð með störf hennar í apríl samanborið við 34,7% nú. Ánægja með störf Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, heilbrigðisráðherra, er nú meiri en Geirs H. Haarde, forsætisráðherra, en 22,4% segjast nú ánægð með störf Guðlaugs samanborið við 21,8% sem eru ánægð með störf Geirs. Ánægja með störf forsætisráðherra hefur þar með dregist saman um tæp 18 prósentustig þar sem 39,5% sögðust ánægð með störf hans fyrir sex mánuðum síðan. Ánægja með störf Geirs minnkar þannig meira en annarra ráðherra ríkisstjórnarinnar. Ánægja með störf Björns Bjarnasonar, dómsmálaráðherra, stendur nokkurn veginn í stað, en 15% segjast nú ánægð með


### Ánægja með störf Jóhannu Sigurðardóttur




### Ánægja með störf Björgvins G. Sigurðss.




### Ánægja með störf Kristjáns L. Möller




### Ánægja með störf Ingibjargar S. Gíslad.



### Ánægja með störf Þórunnar Sveinbjarnard.




### Ánægja með störf Össurar Skarphéðins.




störf Björns. Töluvert dregur úr ánægju með störf Einars K. Guðfinnssonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, en 10,9% segjast ánægð með störf hans nú miðað við 18,4% þegar síðast var spurt. Af ráðherrum Sjálfstæðisflokksins og raunar ríkisstjórnarinnar allrar, ríkir sem fyrr minnst ánægja með störf Árna M. Mathiesen, fjármálaráðherra. Einungis tæp 6% landsmanna eru nú ánægð með störf Árna samanborið við rúm 8% í aprílmánuði.


### Ánægja með störf Þorgerðar K. Gunnarsd.




### Ánægja með störf Guðlaugs Þórs Þórðars.




### Ánægja með störf Geirs H. Haarde




### Ánægja með störf Björns Bjarnasonar



### Ánægja með störf Einars K. Guðfinnssonar



### Ánægja með störf Árna M. Mathiesen




### Spurt var:

Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með störf Geirs H. Haarde, forsætisráðherra? Eins var spurt um alla ráðherra í ríkisstjórninni og röð þeirra breytt á milli viðtala.

# ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

## Fylgi flokka ef kosið yrði til Alþingis í dag og stuðningur við ríkisstjórnina



### Stuðningur við ríkisstjórnina minnkar á ný

Stuðningur við ríkisstjórnina minnkar á ný eftir að hafa aukist milli júlí og ágúst. Stuðningurinn við stjórnina minnkar nú um þrjú prósentustig milli mánaða og mælist nú líðlega 51%. Ríkisstjórnin nýtur meiri stuðnings meðal karla en kvenna, en rúmlega 53% karla segjast styðja hana á sama tíma og stuðningur meðal kvenna er rösklega 48%.

Litlar breytingar eru á fylgi flokka milli mánaða. Næstum 33% segjast myndu kjósa Samfylkinguna ef kosningar færu fram nú en líðlega 31% segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn. Fylgi Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs eykst á hinn bóginn um tæplega tvö prósentustig milli mánaða og mælist flokkurinn nú með næstum 21% fylgi. Frjálslyndir bæta við sig nær einu prósentustigi milli mánaða og mælist fylgi við flokkinn nú rösklega 4%. Fylgi annarra flokka stendur nánast í stað. Tæplega tíu af hundraði segjast ætla að kjósa Framsóknarflokkinn ef kosningar færu fram nú og fylgi við Íslandshreyfinguna-lifandi land mælist tæplega 2%.

Ríflega 13% svarenda taka ekki afstöðu eða neita að gefa hana upp og næstum 12% segjast myndu skila auðu eða ekki kjósa ef kosningar færu fram í dag.

#### Spurt var:

Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk myndir þú kjósa?

En hvaða flokkur yrði líklegast fyrir valinu?

Hvort er líklegra að þú kysir Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern hinna flokkanna?


Styður þú ríkisstjórnina?

### Viðhorf til stjórnarandstöðunnar

Gallup kannaði viðhorf almennings til starfa stjórnarandstöðunnar og hvort fólk teldi að stjórnarandstöðuflokkarnir myndu ná betri árangri en ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar í mikilvægum málaflokkum. Samkvæmt niðurstöðunum eru aðeins rúm 18% landsmanna ánægð með störf stjórnarandstöðunnar en rúm 28% eru óánægð með störf hennar. Yfir helmingur svarenda, þ.e. um 53%, segist hvorki ánægður né óánægður.

#### Ert þú ánægð(ur) eða óánægð(ur) með störf stjórnarandstöðunnar?


■ Ánægð(ur) ■ Hvorki né ■ Óánægð(ur)



Þegar spurt var að því hvort fólk teldi að stjórnarandstöðuflokkarnir myndu standa sig betur eða verr við stjórn efnahagsmála en núverandi stjórnarflokkar kemur í ljós að tæplega 24% landsmanna telja að þeir myndu standa sig betur en rúmlega 31% að þeir myndu standa sig verr. Stór hluti svarenda, 45%, telur hins vegar að stjórnarandstöðuflokkarnir myndu hvorki standa sig betur né verr við efnahagsstjórnina en núverandi stjórnarflokkar. Þegar spurt var á sama hátt um menntamálin kemur í ljós að almenningur virðist treysta stjórnarflokkunum nokkru betur

en stjórnarandstöðunni í þeim málaflokki. Tæplega 23% telja að stjórnarandstöðuflokkarnir myndu ná betri árangri á sviði menntamála, tæp 25% að árangurinn yrði verri en meira en helmingur svarenda, þ.e. naumlega 53%, telja að að árangur stjórnarandstöðunnar yrði hvorki betri né verri en árangur núverandi ríkisstjórnarflokka.

#### Viðhorf til þess hvernig stjórnarandstaðan myndi standa sig í ákveðnum málaflokkum



Þegar kemur að heilbrigðismálum breytist myndin nokkuð þar sem líðlega 39% telja að stjórnarandstaðan myndi standa sig betur en núverandi stjórnarflokkar. Rúmlega 21% hafa meiri trú á ríkisstjórnarflokkunum á þessu málefna sviði en rétt um 40% telja þó að stjórnarandstaðan myndi hvorki ná betri né verri árangri en núverandi ríkisstjórnarflokkar á sviði heilbrigðismála.

#### Spurt var:

Ert þú ánægð(ur) eða óánægð(ur) með störf stjórnarandstöðunnar?

Ef stjórnarandstöðuflokkarnir væru í ríkisstjórn, telur þú að þeir myndu standa sig betur eða verr í stjórn efnahagsmála en núverandi ríkisstjórn gerir?

Ef stjórnarandstöðuflokkarnir væru í ríkisstjórn, telur þú að þeir myndu standa sig betur eða verr í menntamála en núverandi ríkisstjórn gerir?

Ef stjórnarandstöðuflokkarnir væru í ríkisstjórn, telur þú að þeir myndu standa sig betur eða verr í heilbrigðismálum en núverandi ríkisstjórn gerir?

Niðurstöður sem hér birtast um fylgi flokkanna á landsvísi eru úr síma- og netkönnun sem Capacent Gallup gerði dagana 25. ágúst til 28. september 2008. Svarhlutfall var rösklega 65%, úrtaksstærð 8.845 manns. Vikmörk eru 0,4-1,2%. Niðurstöður úr spurningum um viðhorf til ráðherra og viðhorf til stjórnarandstöðunnar eru úr netkönnun sem gerð var dagana 11. - 21. ágúst. Svarhlutfall var nánast 66%, úrtaksstærð 1.078 einstaklingar af öllu landinu í viðhorfahópi Capacent Gallup. Í öllum úrtökum voru einstaklingar á aldrinum 18-75 ára.

Hvorki má birta fréttabréf þetta né upplýsingar úr því opinberlega án skriflegs leyfis Capacent.

Útgefið af: Capacent Gallup Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími: 540 1000 Netfang: thorsteinn.bjornsson@capacent.is

Umsjón með útgáfu: Þorsteinn Brynjar Björnsson og Matthías Þorvaldsson.

Ábyrgðarmaður: Dr. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir. © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. Capacent 2008. Allur réttur áskilinn.